



ÁRSSKÝRSLA 2020

Dómstólasýslan | Hæstiréttur Íslands | Landsréttur | Héraðsdómstólar





DÓMSTÓLASÝSLAN

Ársskýrsla 2020
Dómstólasýslunnar
Hæstaréttar
Landsréttar
Héraðsdómstólanna

*Ársskýrslan er unnin og gefin út til samræmis við 4. tölul. 8. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016

Hönnun og umbrot:

Kría hönnunarstofa

Mynd á forsíðu:

Stuðlagil - Mynd frá Shutterstock

Útgefandi:

Dómstólasýslan
Suðurlandsbraut 14, 3. hæð
108 Reykjavík.
S: 432 5010

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Dómstólasýslan	6
Stjórn dómstólasýslunnar	7
Hlutverk dómstólasýslunnar	8
Stefna dómstólasýslunnar 2018–2022	9
Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar	9
Námskeið, fundir og aðrir viðburðir á árinu 2020	9
Upplýsingamál dómstólanna	13
Tæknimál dómstólanna	15
Nefndir hjá dómstólasýslunni	16
Fagráð og starfsmenntunarsjóður dómara	18
Erlent samstarf	19
Fjárheimildir dómstólanna	19
Mannauður dómstólanna og dómstólasýslunnar	20
Dómstólarnir í tölum 2020	22
Hæstiréttur	23
Beiðnir um áfrýjunar- og kæruleyfi	24
Kæruleyfi – afgreiddar beiðnir	24
Ný mál	24
Dómar	24
Landsréttur	25
Fjöldi mála	26
Áfrýjuð mál	26
Kærð mál	27
Héraðsdómstólarnir	29
Fjöldi mála	29
Einkamál	30
Ákærumál	31
Gjaldþrot	31
Rannsóknarúrskurðir	33

Inngangur ársskýrslu 2020

Starfsemi dómstólanna á árinu 2020 fór ekki varhluta af þeim áhrifum sem faraldur af völdum kórónuveirunnar hafði á samfélagið. Í kjölfar þess að lýst var yfir neyðarstigi almannaþarfa og takmörkunum á samkomuhaldi á grundvelli sóttvarnalaga boðaði dómstólasýslan til fundar með öllum stjórnendum dómstólanna. Tilgangur fundarins var að samræma viðbrögð innan dómskerfisins varðandi starfsemi dómstólanna í faraldrinum en jafnframt tryggja nauðsynlega starfsemi þannig að ekki hlytust af réttarspjöll. Eðli máls samkvæmt hægði verulega á allri afgreiðslu dómstólanna á árinu 2020 og birtist það m.a. í lengri málsmeðferðartíma hjá héraðsdómstólunum. Við gildistöku laga nr. 32/2020 um breytingu á ýmsum lögum vegna faraldursins var veitt tímabundin en mikilvæg heimild til nýtingar rafrænna lausna og fjarfundarbúnaðar, m.a. hjá dómstólunum. Með því móti var tryggt að dómstólar gátu áfram sinnt lögbundnum verkefnum þrátt fyrir

samkomubann og fjarlægðartakmarkanir. Skýrslutökur gátu farið fram með aðstoð fjarfundarbúnaðar og skjöl og sýnileg sönnunargögn var mögulegt að senda rafrænt til dómstóls. Með þessu skapaðist mikilvæg reynsla sem nýta má við að þróa rafrænar lausnir á sviði réttarfars í framtíðinni. Hjá dómstólunum og dómstólasýslunni störfuðu samtals 146 starfsmenn á árinu. Hjá héraðsdómstólunum voru þeir samtals 91, almennir starfsmenn, aðstoðarmenn dómara og dómara, hjá Landsrétti samtals 31, hjá Hæstarétti samtals 19 og hjá dómstólasýslunni fimm.

Í apríl 2020 birti Ríkisendurskoðun skýrslu sína um stjórnarsýslu dómstólanna en hún var unnin að beiðni Alþingis á grundvelli laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Markmið úttektarinnar var að svara því hvernig dómstólasýslunni hefði tekist að annast sameiginlega stjórnarsýslu dómstólanna og framfylgja

framtíðarsýn stofnunarinnar um þróun stjórnsýslunnar. Í umsögn sinni til Ríkisendurskoðunar um skýrsluna benti dómstólasýslan á að heppilegra hefði verið að efna til athugunarinnar þegar lengri tími hefði verið liðinn frá stofnun hennar. Dómstólasýslan taldi það þó ekki hafa komið að sök þar sem vönduð úttekt Ríkisendurskoðunar hefði m.a. leitt í ljós að dómstólasýslan hefði á stuttum starfstíma markað sér trúverðuga stefnu og framtíðarsýn um þróun stjórnsýslu dómstólanna.

Í kjölfar þess að Benedikt Bogason var kjörinn forseti Hæstaréttar Íslands lét hann af störfum sem formaður stjórnar dómstólasýslunnar og Sigurður Tómas Magnússon var skipaður formaður stjórnar í hans stað. Benedikt Bogason sinnti starfi formanns stjórnar frá upphafi stofnunar dómstólasýslunnar og er því rétt að nota tækifærið og þakka honum vel unnin störf á liðnum árum.

Í meðfylgjandi ársskýrslu er að finna samantekt á helstu verkefnum dómstólasýslunnar á liðnu ári og ítarlegar upplýsingar um fjölda og tegundir mála sem til úrlausnar hafa verið á hverju dómstigi og afgreiðslu þeirra.

Maí 2021


Ólöf Finnsdóttir
framkvæmdastjóri

Sigurður Tómas Magnússon
formaður stjórnar

Dómstólasýslan

Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem hefur það meginhlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna, styrkja stjórnsýslu þeirra og um leið stuðla að samræmingu í framkvæmd er varðar innri starfsemi allra dómstiganna þriggja.

Dómstólasýslan lýtur ekki boðvaldi annarra innan dómskerfisins og er óháð löggjafar- og framkvæmdavaldinu.



Stjórn dómstólasýslunnar

Ráðherra skipar fimm menn sem mynda stjórn dómstólasýslunnar og er skipunartíminn fimm ár, sbr. 6. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016.

Stjórnina skipa:

Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari, formaður, skipaður frá og með 1. ágúst 2020 til og með 31. júlí 2025. Sigurður Tómas Magnússon tók sæti Benedikts Bogasonar, fyrrverandi formanns stjórnar dómstólasýslunnar, í kjölfar þess að Benedikt var kjörinn forseti Hæstaréttar. Varamaður Sigurðar Tómasar Magnússonar er Ingveldur Einarsdóttir hæstaréttardómari, skipuð til sama tíma, en hún tók sæti Karls Axelssonar hæstaréttardómara sem var varamaður Benedikts Bogasonar.

Hervör Þorvaldsdóttir, forseti Landsréttar, skipuð til 31. júlí 2023. Varamaður hennar er Davíð Þór Björgvinsson landsréttardómari, skipaður til sama tíma.

Kristín Haraldsdóttir lektor, skipuð til 31. júlí 2022. Varamaður hennar er Guðni Bergsson, forseti KSÍ og lögmaður, skipaður til sama tíma.

Bergþóra Kristín Benediksdóttir verkefnastjóri, skipuð til 31. júlí 2021. Varamaður hennar er Erna Björt Árnadóttir dómritari, skipuð til sama tíma.

Halldór Björnsson héraðsdómari, skipaður til 31. júlí 2024. Varamaður hans er Arnaldur Hjartarson héraðsdómari, skipaður til sama tíma.

Framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar er Ólöf Finnsdóttir.

Hlutverk stjórnar dómstólasýslunnar er skilgreint í 7. gr. laga um dómstóla.

Stjórn dómstólasýslunnar leggur mat á og gerir tillögu til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólasýslunnar, Hæstaréttar og Landsréttar og sameiginlega fjárveitingu til héraðsdómstólanna.

Sé vikið frá tillögum dómstólasýslunnar skal ráðherra greina fjárlaganefnd frá ástæðum þess auk þess sem gera skal grein fyrir frávikum í frumvarpi til fjárlaga.

Dómstólar skulu skilgreindir sem sérstakt málefnasvið í frumvarpi til fjárlaga og í fjárlögum. Í fjárlögum skal kveðið sundurliðað á um fjárveitingar til Hæstaréttar Íslands, Landsréttar, héraðsdómstólanna sameiginlega og dómstólasýslunnar. Stjórn dómstólasýslunnar skiptir á milli héraðsdómstólanna fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.

Stjórn dómstólasýslunnar ákveður fjölda héraðsdómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól og setur almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra.

Stjórn dómstólasýslunnar setur reglur um leyfi dómara frá störfum og veitir dómurum leyfi.

Stjórn dómstólasýslunnar setur reglur um meðferð mála hjá dómstólasýslunni og ákveður verkaskiptingu milli stjórnar og framkvæmdastjóra auk þess að ákveða hvaða stjórnsluverkefni skuli heyra undir dómstólasýsluna og hver undir forstöðumenn dómstólanna að því leyti sem þessi atriði eru ekki ákveðin í lögum.


Haldnir voru 15 fundir stjórnar á árinu.

Hlutverk dómstólasýslunnar

Hlutverk dómstólasýslunnar er skilgreint í 8. gr. dómstólalaga í sjö töluliðum. Upptalning er ekki tæmandi.

1. Að vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna og koma fram gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum í þágu dómstólanna sameiginlega.
2. Að skipuleggja símenntun dómara og annarra starfsmanna í þjónustu dómstóla.
3. Að fara með yfirstjórn upplýsingamála og tæknimála dómstólanna, annast þróun þeirra mála og eftir þörfum ábendingar af því tilefni.
4. Að safna saman og birta upplýsingar um fjölda og afgreiðslu mála við dómstóla og gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og dómstólanna.
5. Að stuðla að samræmingu og hafa eftirlit með framkvæmd reglna um málaskrár dómstóla, þingbækur, atkvæðabækur, búnað til upptöku á hljóði og mynd í þinghöldum, dómabækur og varðveislu málsskjala og upptaka í þinghöldum hjá dómstólum, samkvæmt þessum lögum, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð ákærumála.
6. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla en stjórn dómstólasýslunnar getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni.
7. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum dómstóla og löggjöf sem um þá gildir.

Á grundvelli 4. mgr. 9. gr. dómstólalaga skal nefnd um dómarastörf hafa aðstöðu hjá dómstólasýslunni og á grundvelli 2. mgr. 11. gr. dómstólalaga skal það sama gilda um dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara. Þá hefur dómsmálaráðuneytið farið þess á leit við dómstólasýsluna að endurupptökunefnd hafi aðstöðu hjá stofnuninni og hefur dómstólasýslan veitt nefndinni aðstoð eftir föngum.



Stefna dómstólasýslunnar 2018 – 2022

Í stefnu dómstólasýslunnar er hlutverk og forgangsörðun verkefna skilgreind út frá fjórum meginþáttum: þjónustu, verklagi, mannauði og fjármálum. Stefnunni er ætlað að efla sameiginlega stjórnýslu dómstólanna og stuðla að samræmdri framkvæmd mála sem varða innri starfsemi dómstíganna þriggja. Verkefnum sem ráðist er í á hverjum tíma er forgangsraðað til samræmis við fyrirliggjandi aðgerðaáætlun.

Stjórnýsluúttekt Ríkisendurskoðunar

Í apríl 2020 birti Ríkisendurskoðun skýrslu sína um stjórnýslu dómstólanna sem unnin var að beiðni Alþingis á grundvelli laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Markmið úttektarinnar var að svara því hvernig dómstólasýslunni hefði tekist að annast sameiginlega stjórnýslu dómstólanna og framfylgja framtíðarsýn stofnunarinnar um þróun stjórnýslunnar. Í umsögn sinni til Ríkisendurskoðunar um skýrsluna benti dómstólasýslan á að hún hafði aðeins starfað í rúmt ár þegar efnt var til úttektarinnar og að álitni hennar hefði verið heppilegra að efna til athugunarinnar þegar lengri tími var liðinn frá stofnun hennar. Dómstólasýslan taldi það þó ekki hafa komið að sök þar sem vönduð úttekt Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að dómstólasýslan hafði

á sínum stutta starfstíma markað sér trúverðuga stefnu og framtíðarsýn um þróun stjórnýslu dómstólanna. Skýrslu Ríkisendurskoðunar er að finna á vef stofnunarinnar, rikisend.is.

Námskeið, fundir og aðrir viðburðir á árinu 2020

Námskeið fyrir dómara og aðstoðarmenn dómara 2020

Hagnýt fjármálaþekking fyrir dómara og aðstoðarmenn.

Elmar Hallgríms Hallgrímsson fjallaði um núvirðingu greiðsluflæðis og verðmat fyrirtækja. Lykilhugtök í fjármálum, svo sem CAPM og EBITDA voru rædd. Enn fremur var vikið að hugtakinu viðskiptavild og helstu þáttum sem rétt er að horfa til við greiningu á ársreikningum fyrirtækja.

Ný umferðarlög

Jónas Birgir Jónasson, lögfræðingur á skrifstofu samgangna í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, fjallaði almennt um ný umferðarlög nr. 77/2019 og helstu breytingar sem felast í lögnum. Sérstök umfjöllun var um breyttar reglur um sýnatöku, breyttar reglur um sviptingu ökuréttar, breytingar á ákvæðum sem varða akstur undir áhrifum áfengis, sérstaka heimild ráðherra til að setja reglur um vanhæfismörk vegna lyfjaneyslu og o.fl.

Stefnukort dómstólasýslunnar.

ÞJÓNUSTA	VERKLAG	MANNAUÐUR	FJÁRMÁL
Réttlát og opinber málsmeðferð	Gagnsæ upplýsingamiðlun	Hæfir starfsmenn	Markviss áætlanagerð
Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar	Skilvirkni og gæði	Eftirsóknarvert starfsumhverfi	Rekstur í samræmi við fjárheimildir
Traust til dómstólanna	Hagkvæmni	Markviss símenntun	Kostnaðarvitund
		Traust og virðing	

Tæknirannsóknir lögreglu

Vignir Örn Oddgeirsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, Steinarr Kr. Ómarsson lögreglufulltrúi og Guðmundur Ingi Rúnarsson lögreglufulltrúi fóru yfir tæknirannsóknir lögreglu. Á meðal efnis voru tölvurannsóknir, ferill tölvu- og símarannsóknna, þrívíddartækni, yfirlit yfir algengustu framleiðsluáðferðir, hættur samfara því o.fl.

Fíkniefnarannsóknir lögreglu

Margeir Sveinsson og Karl Eyjólfur Karlsson frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fóru yfir þróun fíkniefnaframleiðslu hér á landi síðustu ár og kynntu sérstök rannsóknarræði sem lögreglan beitir í málum er tengjast skipulagðri brotastarfsemi.

Stjórnun þinghalda

Skúli Magnússon héraðsdómari fór yfir ýmis lagaleg, tæknileg og síðferðileg atriði sem snúa sérstaklega að meðferð mála og stjórnun þinghalda frá sjónarhóli dómars, allt frá skráningu og úthlutun máls til endanlegra lykta þess.

Námskeið fyrir almenna starfsmenn á árinu 2020

Að takast á við breytingar.

Ingrid Kuhlman, sérfræðingur hjá Þekkingarmiðlun, fór yfir lyklatríði við innleiðingu breytinga og algeng viðbrögð fólks við breytingum. Farið var í forsendur breytinga og tengsl þeirra við stefnu, skipulag, starfsfólk, tæki, stjórnun og vinnustaðarmenningu.

Sjálfsstyrking og starfsánægja

Ingrid Kuhlman, sérfræðingur hjá Þekkingarmiðlun, fjallaði um tengsl jákvæðrar sjálfsmyndar, góðra samskipta, tilfinninga og hegðunar. Þá voru aðrir þættir sem hafa áhrif á starfsánægju skoðaðir, s.s. endurgjöf, hrós og hvatning. Samhliða þessu var fjallað um persónulega markmiðssetningu, sjálfsskoðun og gildi hvers og eins.

Tímastjórnun og forgangsróðun

Sigríður Hulda Jónsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, stýrði námskeiði um tímastjórnun og forgangsróðun.



Á námskeiðinu fengu þátttakendur innsýn í það hvernig þeir verðu tíma sínum og lærðu að forgangsraða verkefnum.

Farið var í mikilvægi þess að skapa tíma fyrir mikilvægustu verkefni með góðri skipulagningu og hvernig takast á við truflanir af ýmsum toga, eins og símtöl og tölvupóst.

Viðbrögð við áföllum á vinnustað

Guðrún H. Sederholm, félagsráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi, fór yfir viðbrögð við áföllum. Þátttakendur voru fræddir um mögulegar afleiðingar alvarlegra áfalla. Rætt var um ólík viðbrögð einstaklinga og hvernig draga má úr áfallastreitu, meðal annars með áfallahjálpi.

Farið var yfir þrjú stig bataferlisins, þ.e. losun/tæmingu, úrvinnslu (afneitun og endurupplifun) og bata.

Tölvufærni

Í samvinnu við Starfsmennt var boðið upp á vefnám með valfrjálsu upphafi og tímasetningu. Boðið var upp á grunn- og framhaldsnámskeið í Excel, grunn- og framhaldsnámskeið í Word, námskeið í Outlook, verkefna- og tímastjórnun, og námskeið í Microsoft Teams. Kennari var Bjartmar Þór Hulduson.

Fundir og viðburðir á árinu 2020

Norsk dómstólanefnd heimsækir dómstólana

Í janúar 2020 komu fimm fulltrúar frá norsku dómstólanefndinni í heimsókn til dómstólasýslunnar. Hópin skipuðu þau Steinar Juel, Nils Engstad, Terese Smith, Kristina Fiskum og Martin Eiebakke.

Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna sér dómskerfið, skipunarferli dómara, fjármögnun dómstóla og fleira. Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar, tók á móti gestunum ásamt Kristínu Haraldsdóttur, stjórnarmanni dómstólasýslunnar.

Sama dag lá leið nefndarinnar til Hæstaréttar þar sem dómarnir Þorgeir Örylgsson, Benedikt Bogason og Sigurður Tómas Magnússon tóku á móti hópnum. Þann 8. janúar buðu þau Hervör Þorvaldsdóttir, forseti Landsréttar, og Davíð Þór Björgvinsson varaforseti nefndinni í heimsókn í Vesturvör í Kópavogi.



Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis fundar með dómstólasýslunni

Nefndarmenn í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis heimsóttu dómstólasýsluna á starfsstöð hennar að Suðurlandsbraut 14. Benedikt Bogason, formaður stjórnar dómstólasýslunnar, Íris Elma Guðmann verkefnastjóri og Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar, gerðu grein fyrir hlutverki og helstu verkefnum stofnunarinnar. Nefndarmennirnir Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, formaður Pírata, Líneik Anna Sævarsdóttir, Framsóknarflokki, Guðmundur Andri Thorsson, Samfylkingu, Andrés Ingi Jónsson, utan flokka, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Vinstrihreyfingunni – grænu framboði, og Björn Freyr Björnsson, nefndarritari frá Alþingi, sátu fundinn.

Samráðsfundur með fjölmiðlum

Dómstólasýslan bauð fjölmiðlum til samráðsfundar þriðjudaginn 2. júní sl. þar sem farið var yfir nýútkomna skýrslu ríkisendurskoðunar og þær tillögur til úrbóta sem þar komu fram. Þá var rætt um starfsemi dómstólanna í kjölfar samkomubanns á tímum COVID-19 og þau úrræði sem stuðst væri við þannig að halda mætti rekstrinum gangandi. Dómstólarnir notuðu m.a. rafrænar lausnir við sendingu gagna til og frá dómstólunum ásamt því að einstaka fyrirtökur mála færu fram með aðstoð

fjarfundarbúnaðar. Fjölmíðlamenn lögðu m.a. áherslu á mikilvægi góðs aðgengis að dómstólunum og upplýsingum um þau mál sem þar eru rekin hverju sinni.

Starfsdagur ofurnotenda

Árlegur starfsdagur ofurnotenda dómstólanna var haldinn í júní. Hver dómstóll er með að minnsta kosti einn skilgreindan ofurnotanda fyrir sinn vinnustað. Á deginum var lögð áhersla á fræðslu sem nýtist ofurnotendum í hlutverki sínu, t.d. í skjalamálum, Auði, tæknimálum, nýjungum framundan, auk jafningafræðslu. Þá voru fræðsluþarfir almennra starfsmenna á komandi hausti rýndar.

Námskeið fyrir matsmenn

Dómstólasýslan og Lögmannafélag Íslands stóðu fyrir tveggja daga námskeiði fyrir dómkvadda matsmenn. Farið var yfir hlutverk matsmanna og starf þeirra frá dómkvaðningu og þar til þeir skila matsgerð og/eða mæta fyrir dóm. Þá var farið yfir ákvæði einkamála laga sem varða störf matsmanna og samningu og uppsetningu matsgerða, undirbúning matsfunda og störf á vettvangi. Í lok síðari námskeiðsdags var farið í Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem nánar var upplýst um samskipti dómkvaddra matsmanna við dómstólana. Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa verið matsmenn eða vilja gefa kost á sér sem matsmenn fyrir dómi á sínu sérviði, s.s. iðnaðarmönnum, tækni- og verkfræðingum, verkfræðingum, fasteignasölum, lög- mönnum, læknum, sálfræðingum, viðskiptafræðingum og endurskoðendum.

Þetta er þriðja árið sem námskeið fyrir matsmenn er haldið en 76 sérfræðingar sóttu námskeiðið í ár. Kennarar voru þeir Viðar Lúðvíksson, lögmaður hjá Landslögum, og Ragnar Ómarsson, byggingafræðingur á verkfræðistofunni Verkís, formaður Matsmannafélags Íslands.

SEND í Finnlandi 4. – 6. maí

Fyrirhugaðri ráðstefnu SEND (Samarbejdsorganet for Efteruddannelse af Nordens Dommere) sem halda átti í Turku í Finnlandi dagana 4.–6. maí 2020 var frestað vegna Covid-19.

Dómstóladagurinn


Hinum árlega fræðsludegi dómstólasýslunnar sem halda átti föstudaginn 4. september 2020 var frestað vegna Covid-19.

Námsleyfi dómara

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla ávinnur dómari sér rétt til þriggja vikna námsleyfis á hverju starfsári og setur dómstólasýslan nánari reglur þar um, sbr. 7. mgr. 44. gr. laga um dómstóla. Sjá reglur dómstólasýslunnar nr. 4/2019 um námsleyfi dómara á domstolasyslan.is.

Samtals voru fjórir dómara í námsleyfi á árinu 2020, þrír dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og einn við Hæstarétt. Einn dómari hóf töku námsleyfis í janúar en þrír í september.





domstolar.is
200.000
heimsóknir

heradsdomstolar.is
425.000
heimsóknir

landsrettur.is
260.000
heimsóknir

haestirettur.is
200.000
heimsóknir

Upplýsingamál dómstólanna

Dómstólablaðið

Rafrænt fréttabréf dómstólasýslunnar var gefið út í 12 tölublaðum á árinu. Í fréttabréfinu er gerð grein fyrir helstu verkefnum og viðburðum í starfsemi dómstólasýslunnar og dómstólanna hverju sinni.

domstolar.is

Vefir dómstólanna eru í stöðugri þróun og endurskoðun. Verulega var bætt úr upplýsingagjöf til almennings á vef dómstólasýslunnar en þar er m.a. að finna spurningar og svör um réttarkerfið. Nýr vefur, endurupptokudomur.is, var hannaður og opnaður í desember. Vefurinn domstolar.is var heimsóttur tæplega 200 þúsund sinnum á árinu. Það


er 10% lækkun frá árinu 2019 sem var jafnframt metár. Rúmlega helmingur gesta nýtti sér vefinn til að heimsækja aðra vefi, þá fyrst og fremst vef héraðsdómstóla (47%).

Mest sótti vefurinn, heradsdomstolar.is, var heimsóttur 425 þúsund sinnum á árinu (11% aukning milli ára), landsrettur.is var heimsóttur 260 þúsund sinnum (23% lækkun milli ára) og haestirettur.is var heimsóttur 200 þúsund sinnum (8% aukning milli ára).

Af öðru efni sem gestir sóttust eftir á árinu má nefna almennar upplýsingar um dómstólana, fræðslu og útgáfu, og að lokum fréttir. Fréttalestur jókst um 66% á milli ára, þar sem fréttir um breytta högun vegna COVID-19 áttu mikinn þátt í aukningunni.


Traust til dómsskerfisins

Nær 37% landsmanna báru mikið traust til dómsskerfisins samkvæmt könnun Gallups sem gerð var í byrjun árs 2020. Hlutfall þeirra sem báru mikið traust til Hæstaréttar var 50% en hlutfall þeirra sem báru mikið traust til Landsréttar og héraðsdómstólanna var 40%.




Hversu mikið eða lítið traust berð þú til dómstólanna?


Héraðsdómstólarnir



Landsréttur



Hæstiréttur



- Fullkomið/mikið traust
- Hvorki né
- Alls ekkert/lítið traust

Tæknimál dómstólanna

Til samræmis við stefnu og fjármálaáætlun dómstólasýslunnar var unnið að ítrun á virkni nýs upplýsingakerfis dómstólanna til þess að styðja rafræna ferla við rekstur dómsmála. Jafnframt því var hafin notkun skjáa í dómsölum og fjarfundarbúnaðar við skýrslutökur. Stefnt er að því að nýting tæknilausna við framlagningu og vinnslu gagna auki skilvirkni og um leið öryggi málgagna.

Við gildistöku laga nr. 32/2020 um breytingu á ýmsum lögum vegna Covid-19 var veitt tímabundin en mikilvæg heimild til nýtingar rafræna lausna, m.a. hjá dómstólunum. Uppsetning á skjáum og fjarfundalausnum gerði dómstólunum kleift að sinna áfram lögbundnum verkefnum þrátt fyrir samkomubann og fjarlægðartakmarkanir. Jafnframt hefur þráðlaust net verið sett upp hjá flestum dómstólum til hagræðis fyrir starfsmenn og aðila. Með uppsetningu rafræns miðlara hjá dómstólunum gefst þeim kostur á að senda og móttaka gögn með rekjanlegum, öruggum og skipulögðum hætti með notkun rafræna skilríkja.

Í samræmi við samning stjórnvalda við Microsoft um Office 365-hugbúnaðarlausn fór fram innleiðing á lausninni hjá dómstólasýslunni, Landsrétti og héraðsdómstólunum á árinu með þeim möguleikum sem fylgja t.d. notkun á samvinnuforritinu Teams.

Sýnt er að þær tæknilausnir sem unnið hefur verið að frá stofnun dómstólasýslunnar voru mikilvægur þáttur í því að tryggja að starfsemi dómstólanna raskaðist sem minnst í faraldri vegna Covid-19, til dæmis áttu starfsmenn kost á fjarvinnu eftir þörfum vegna þeirra.

Dómstólasýslan vann með dómsmálaráðuneytinu og Stafrænu Íslandi að stafrænni útgáfu einnar tegundar búsföræðisvottorða. Afgreiðsla búsföræðisvottorðs, vottorðs um að bú einstaklings eða fyrirtækis sé ekki til gjaldþrotaskiptameðferðar, fer nú fram rafrænt í gegnum [Ísland.is](https://www.island.is). Þar geta einstaklingar og fyrirtæki gengið frá umsókn, greitt fyrir og fengið vottorð sent í pósthólf sitt á [Ísland.is](https://www.island.is) með einföldum hætti.

Sérfróðir meðdómsmenn

Eitt af hlutverkum dómstólasýslunnar er að tilnefna hæfilegan fjölda sérfróðra meðdómsmanna, sbr. VII. kafla laga um dómstóla. Gert er ráð fyrir að dómstólasýslan tilnefni aðila með sérkunnáttu á öðrum sviðum en lögfræði til fimm ára í senn til að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna á helstu sviðum þar sem reynir á slíka þekkingu við meðferð mála fyrir héraðsdómi og Landsrétti. Almennar hæfniskröfur meðdómsmanna koma fram í 3. mgr. 39. gr. laga um dómstóla.



Á árinu tilnefndi dómstólasýslan 38 einstaklinga til þess að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna eftir þörfum dómstólanna til næstu fimm ára og voru þeir við árslok 166 talsins.

Nefndir hjá dómstólasýslunni

Nefnd um dómarastörf

Nefnd um dómarastörf hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni og veitir dómstólasýslan henni margvíslega aðstoð, m.a. við skráningu mála í málaskrá, birtingu álita á vef dómstólasýslunnar og við birtingu á hagsmunaskráningu dómara. Sex mál voru afgreidd á árinu.

Nefndina skipuðu Hjördís Björk Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, formaður, Friðgeir Björnsson, fyrrverandi dómstjóri, og Ása Ólafsdóttir prófessor. Skipun Friðgeirs Björnssonar rann út 14. desember 2020. Ása Ólafsdóttir prófessor óskaði lausnar í kjölfar skipunar í embætti hæstaréttardómara 23. nóvember 2020. Ekki hafði verið skipað í stöður þeirra við árslok. Nefndin hefur sett sér reglur um birtingu álita í samráði við dómstólasýsluna en nánari upplýsingar um nefndina, aukastörf dómara, álit og ákvarðanir eru birtar á domstolar.is.

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, landsréttardómara og hæstaréttardómara. Árið 2020 var annasamt hjá dómnefndinni en hún var störfum hlaðin allt árið við að meta hæfni umsækjenda um dómarastörf við öll þrjú dómstigin. Alls komu 12 dómnefndir saman á árinu til að meta hæfni umsækjenda um hin ýmsu dómaraembætti. Samkvæmt lögum nr. 50/2016 um dómstóla hefur dómnefndin aðstoðu hjá dómstólasýslunni. Í því felst m.a. að nefndin fundar í fundarherbergi dómstólasýslunnar og hélt nefndin alls 64 fundi á árinu í húsakynnum dómstólasýslunnar. Þá gegnir starfsmaður dómstólasýslunnar stöðu ritara nefndarinnar.

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga um dómstóla kemur fram að ráðherra setji nánari reglur um störf dómnefndar. Þann 5. október 2020 setti dómsmálaráðherra reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010.

Þann 20. desember 2019 auglýsti dómsmálaráðuneytið laus til setningar tvö embætti dómara við Landsrétt vegna leyfa tveggja dómara. Átta umsóknir bárust nefndinni. Þann 11. febrúar 2020 lá niðurstaða dómnefndar fyrir. Í kjölfarið voru þær Ása Ólafsdóttir prófessor og Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari settar í embætti landsréttardómara.



Þann 3. janúar 2020 auglýsti dómismálaráðuneytið laust til umsóknar embætti dómara við Landsrétt og bárust alls fjórar umsóknir. Þann 18. mars 2020 lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat Ásmund Helgason landsréttardómara hæfastan til að hljóta skipun í embætti landsréttardómara.


Þann 28. febrúar var embætti dómara við Hæstarétt Íslands auglýst til umsóknar. Umsækjendur um embættið voru upphaflega fimm, en tveir þeirra drógu umsóknir sínar til baka. Þann 30. apríl 2020 lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat Sigurð Tómas Magnússon landsréttardómara hæfastan til að hljóta skipun í embætti hæstaréttardómara.

Þann 17. apríl 2020 auglýsti dómismálaráðuneytið laust til umsóknar embætti dómara við Landsrétt og sóttu fimm um embættið. Þann 11. júní 2020 lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat Arnfríði Einarsdóttur landsréttardómara hæfasta til að hljóta skipun í embætti landsréttardómara.

Tvö laus embætti dómara við Héraðsdóm Reykjaness voru auglýst af hálfu dómismálaráðuneytisins 24. apríl 2020 og 29. maí 2020. Umsækjendur um embættin voru upphaflega 15, en tveir þeirra drógu umsóknir sínar til baka. Þann 20. júlí 2020 lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem nefndin mat Halldóru Þorsteinsdóttur lektor og Inga Tryggvason lögmann hæfust til að hljóta skipun héraðsdómara.

Þann 19. júní 2020 auglýsti dómismálaráðuneytið laus til umsóknar tvö embætti dómara við Landsrétt. Umsækjendur um embættin voru upphaflega sjö, en tveir þeirra drógu umsóknir sínar til baka. Þann 2. september 2020 lá niðurstaða dómnefndar fyrir. Ráðherra skipaði Jón Höskuldsson héraðsdómara og Ragnheiði Bragadóttur landsréttardómara í embætti landsréttardómara.

Þann 10. júlí 2020 voru tvö embætti dómara við Hæstarétt Íslands auglýst laus til umsóknar. Upphaflega voru átta umsækjendur en tveir þeirra drógu umsóknir sínar til baka. Þann 30. október 2020 lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat alla sex umsækjendurna hæfa. Ráðherra skipaði Ásu Ólafsdóttur prófessor og Björgu Thorarensen prófessor í embætti hæstaréttardómara.



Þann 25. september 2020 auglýsti dómismálaráðuneytið laus til umsóknar fjögur embætti héraðsdómara, tvö með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, eitt hjá Héraðsdómi Reykjaness og eitt hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra. Alls sóttu 26 um embættin. Þann 21. desember 2020 lá niðurstaða dómnefndar fyrir. Ráðherra skipaði Björn L. Bergsson, skrifstofustjóra Landsréttar, og Jóhannes Rúnar Jóhannsson lögmann í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, Huldu Árnadóttur lögmann í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjaness og Arnfríði Sigurðardóttur, aðstoðarmann héraðsdómara, í embætti dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra.

Þann 18. september 2020 auglýsti dómismálaráðuneytið laus til umsóknar tvö embætti dómara og tvö embætti varadómara við Endurupptökudóm. Alls bárust 17 umsóknir en tveir umsækjenda drógu umsóknir sínar til baka.

Þann 20. nóvember 2020 auglýsti dómismálaráðuneytið laus til umsóknar embætti dómara við Landsrétt og sóttu þrjár um embættið. Sökum anna gat nefndin ekki hafið störf á árinu.

Á árinu 2020 gerði dómnefndin tvisvar tillögu að setningu fimm varadómara við meðferð tveggja mála við Hæstarétt Íslands jafnframt því að dómnefndin gerði tillögu að setningu tveggja dómara við Landsrétt á ákveðnu tímabili vegna leyfa dómara við réttinn.

Í upphafi árs skipuðu dómnefndina Ingimundur Einarsson héraðsdómari, formaður, Kristín Benediksdóttir dósent, Ragnhildur Helgadóttir prófessor, Ragnheiður Harðardóttir landsréttardómari og Óskar Sigurðsson lögmaður. Eiríkur Tómasson, fyrrverandi hæstaréttardómari, tók við af Ingimundi Einarssyni sem formaður dómnefndarinnar 20. mars 2020. Skipunartími í dómnefndina er fimm ár, þó þannig að hvert ár rennur út skipunartími eins aðalmanns og varamanns hans. Á árinu rann skipunartími Kristínar Benediksdóttur aðalmanns og Valtýs Sigurðssonar, varamanns hennar, út. Landsréttur tilnefndi Kristínu í annað sinn sem aðalmann í dómnefndina og Skúla Magnússon sem varamann hennar, en þau voru skipuð af hálfu dómsmálaráðuneytisins 22. júlí 2020. Þann 22. júlí 2020 var Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður, tilnefnd af Alþingi, skipuð í dómnefndina eftir að Ragnhildur Helgadóttir prófessor lét af störfum.

Endurupptökudómur

Með lögum nr. 47/2020, sem tóku gildi 1. desember 2020, var gerð breyting á lögum um dómstóla og Endurupptökudómur settur á fót samhliða því að endurupptökunefnd var lögð niður. Endurupptökudómur er sérdómstóll sem tekur ákvörðun um hvort heimila eigi endurupptöku dómsmála sem dæmd hafa verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti. Samhliða því að Endurupptökudómstóll var settur á fót var gerð breyting á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála og heimildir til endurupptöku mála rýmkaðar. Í Endurupptökudómi sitja fimm dómendur, einn frá hverju dómstigi og tveir aðrir sem ekki eru embættisdómarar. Endurupptökudómur hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni. Nánari upplýsingar um Endurupptökudóm er að finna á vef dómstólsins, endurupptokudomur.is

Fagráð og starfsmenntunarsjóður dómara

Fagráð

Dómstólasýslan starfrækir óháð fagráð þriggja aðila sem ætlað er að taka á málum er varða einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað. Katrín Helga Hallgrímsdóttir lögfræðingur er formaður ráðsins en auk hennar skipa ráðið þau dr. Hörður Þorgilsson, sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði, og Sjöfn Evertsdóttir, sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði.

Starfsmenntunarsjóður dómara

Starfsmenntunarsjóður dómara starfar á grundvelli 8. mgr. 44. gr. laga um dómstóla. Kostnaður dómara við námskeið, námsstefnur, ráðstefnur eða sambærilega þekkingaröflun sem telja má til starfsmenntunar greiðist úr sjóðnum til samræmis við úthlutunarreglur sjóðsins, sjá á domstolasyslan.is. Fræðslustjóri dómstólasýslunnar tekur við umsóknum og sér um greiðslu styrkja í kjölfar samþykktar þeirra. Tekið var á móti 35 umsóknum í sjóðinn á árinu 2020. Fundir stjórnar voru fimm á árinu. Formaður Starfsmenntunarsjóðs dómara er Kristín Benediksdóttir dósent, tilnefnd af dómsmálaráðherra, en aðrir í stjórn eru Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, tilnefnd af Hæstarétti Íslands, og Ólöf Finnsdóttir framkvæmdastjóri, tilnefnd af dómstólasýslunni.





Erlent samstarf

SEND (Samarbejdsorganet for Efteruddannelse af Nordens Dommere)

SEND er samstarfsverkefni norrænu dómstólanna um símenntun dómara. Í stýrinesnd SEND sitja fulltrúar norrænu dómstólanna en hlutverk hennar er að ákveða og skipuleggja efni málþinganna hverju sinni. Hildur Briem, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, er formaður.

CEPEJ (European Commission for the efficiency of Justice)

Markmið CEPEJ er að stuðla að aukinni skilvirkni dómstóla innan sambandsríkjanna og setur ráðið m.a. í þeim tilgangi mælikvarða og safnar tölfræðiupplýsingum frá stofnunum og dómstólum.

Dómstólasýslan á fulltrúa í starfshópi CEPEJ og sótti fjárfundi á árinu þar sem útgáfa nýrrar skýrslu um ýmis gæðamál dómstóla aðildarríkjanna var kynnt, „European judicial systems-CEPEJ Evaluation report – 2020 Evaluation cycle (2018 data)“.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðsins, coe.int/en/web/cepej/home/

Fjárheimildir dómstólanna

Fjárheimildir dómstólanna og dómstólasýslunnar samkvæmt fjárlögum 2020 í milljónum króna

Stofnun	Heildarfjárheimild
Hæstiréttur	457,3
Héraðsdómstólar	1.840,5
Landsréttur	729,8
Dómstólasýslan	356,4

Mannauður dómstólanna og dómstólasýslunnar

Dómstólasýslan

Hjá dómstólasýslunni störfuðu fimm starfsmenn á árinu.

Dómstólarnir

Hjá dómstólunum störfuðu alls 141, þar af 57 karlar og 84 konur.

Dómarar

Embætti dómara voru samtals 64 á árinu 2020, 38 karlar og 26 konur. Í Hæstarétti voru fjórir karlar og þrjár konur skipuð í embætti dómara frá nóvember 2020 en þrír dómarar létu af embætti á árinu. Í Landsrétti voru níu karlar og sex konur skipuð í embætti dómara og hjá héraðsdómstólunum eru 25 karlar og 17 konur skipuð í embætti dómara.

Aðstoðarmenn

Aðstoðarmenn dómara voru samtals 26 á árinu, 17 konur og 9 karlar. Í Hæstarétti voru einn karl og þrjár konur aðstoðarmenn dómara fram í lok janúar 2020 er ein kona lét af störfum. Í Landsrétti eru fjórir karlar og fjórar konur og hjá héraðsdómstólunum eru fjórir karlar og níu konur aðstoðarmenn.


Aðrir starfsmenn

Aðrir starfsmenn dómstólanna voru samtals 51 á árinu, 11 karlar og 40 konur. Í Hæstarétti voru þrír karlar og tvær konur, í Landsrétti voru fjórir karlar og fjórar konur og í héraðsdómstólunum voru fjórir karlar og 32 konur.

Héraðsdómstólar

Dómarar í héraði eru 42 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga um dómstóla. Héraðsdómurum var fjölgað úr 38 í 42 við gildistöku laga um dómstóla nr. 50/2016. Ástæðan fyrir fjölguninni var sú að með úrskurði kjararáðs frá desember 2015 um laun og starfskjör dómara varð veruleg áherslubreyting varðandi símenntun og námsleyfi dómara þannig að fleiri héraðsdómarar gætu nýtt sér námsleyfi en verið hafði. Í athugasemdum með frumvarpi að lögum um dómstóla er þess sérstaklega getið að markvisst eigi að draga úr tímabundnum setningum dómara í embætti og við úrskurði kjararáðs var því brugðist með varanlegri fjölgun dómara í héraði í 42. Dómstólasýslan ákveður við hvaða héraðsdómstól dómara skuli eiga fast sæti en heimilt er

Skipting ársverka hjá dómstólum



að ákveða að allt að þrír héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um dómstóla. Á árinu 2020 voru þrír faranddómarar starfandi, einn við Héraðsdóm Vestfjarða, einn við Héraðsdóm Reykjaness og einn við Héraðsdóm Reykjavíkur. Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga um dómstóla skipar dómstólasýslan dómstjóra við hvern héraðsdómstól en dómstjórar ráða aðra starfsmenn en dómara, sbr. 4. mgr. 31. gr. laga um dómstóla. Til aðstoðar dómurum má ráða lögfræðinga til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga um dómstóla. Auk þess að gegna dómstörfum hefur dómstjóri með höndum stjórn héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans.

Landsréttur

Í Landsrétti eiga 15 dómarar sæti og eru þeir skipaðir ótímabundið í embætti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga um dómstóla. Við Landsrétt er kjörinn forseti og varaforseti til fimm ára í senn, sbr. 22. gr. laga um dómstóla. Forseti Landsréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn og forseti ræður lögfræðinga og aðra starfsmenn, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga um dómstóla.

Hæstiréttur

Í Hæstarétti eiga sæti sjö dómarar og eru þeir skipaðir ótímabundið í embætti, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga um dómstóla. Við Hæstarétt er kjörinn forseti og varaforseti til fimm ára í senn, sbr. 14. gr. laga um dómstóla. Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn og forseti ræður lögfræðinga og aðra starfsmenn, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga um dómstóla.

Starfsmenn dómstólanna og dómstólasýslunnar	Kk	Kvk	Samtals
Dómstólasýslan	0	5	5
Dómarar	38	26	64
Aðstoðarmenn dómara	9	17	26
Aðrir starfsmenn	11	40	51
Samtals	58	88	146

Starfsmenn Héraðsdómstóla	Dómarar	Kk	Kvk	Aðstoðar- menn	Kk	Kvk	Aðrir starfsmenn	Kk	Kvk	Samtals
Héraðsdómur Reykjavíkur	24	12	12	7	2	5	21	4	17	52
Héraðsdómur Reykjaness	9	6	3	3	1	2	7	0	7	19
Héraðsdómur Vesturlands	1	1	0	1	1	0	1	0	1	3
Héraðsdómur Vestfjarða	1	0	1	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Norðurlands vestra	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Norðurlands eystra	2	2	0	1	0	1	2	0	2	5
Héraðsdómur Austurlands	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Suðurlands	3	2	1	1	0	1	2	0	2	6
Samtals	42	25	17	13	4	9	36	4	32	91

Ársverk	39,31	12	33,07	85,38
---------	-------	----	-------	--------------

Starfsmenn Landsréttar	Dómarar	Kk	Kvk	Aðstoðar- menn	Kk	Kvk	Aðrir starfsmenn	Kk	Kvk	Samtals
Starfsmenn	15	9	6	8	4	4	8	4	4	31

Ársverk	15,21	8,76	7,5	31,47
---------	-------	------	-----	--------------

Starfsmenn Hæstaréttar	Dómarar	Kk	Kvk	Aðstoðar- menn	Kk	Kvk	Aðrir starfsmenn	Kk	Kvk	Samtals
Starfsmenn	7	4	3	5	1	4	7	3	4	19

Ársverk	6,5	2,47	4,32	13,29
---------	-----	------	------	--------------

Dómstólarnir í tölum


Á meðfylgjandi töflu er samantekt á áfrýjuðum einkamálum og sakamálum í Hæstarétti og Landsrétti á árinu 2020 ásamt fjölda munnlega fluttra einkamála í héraðsdómstólunum átta. Nánari sundurliðun á málafjölda og málategundum er að finna í umfjöllun um hvert dómstig fyrir sig.

Hæstiréttur	Fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	23
Einkamál kært	10
Sakamál áfrýjað	8
Sakamál kært	0
Samtals	41


Landsréttur	Fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	228
Einkamál kært	219
Sakamál áfrýjað	80
Sakamál kært	227
Samtals	754

Héraðsdómstólar	Fjöldi mála:
Munnlega flutt einkamál - innkomin	845
Ákærumál innkomin	1972
Samtals	2817


Hæstiréttur árið 2020



Landsréttur árið 2020



Héraðsdómstólar árið 2020





Hæstiréttur

Frá því að Hæstiréttur var stofnaður árið 1920 og til ársloka 2017 gegndi hann tvíþættu hlutverki, var annars vegar áfrýjunardómstóll og hins vegar fordæmisgefandi dómstóll. Hinn 1. janúar 2018 tóku gildi ný lög um dómstóla nr. 50/2016. Samkvæmt þeim var dómstólaskipan landsins breytt og stofnað nýtt millidómstig, Landsréttur, sem tók við því hlutverki Hæstaréttar að vera áfrýjunardómstóll. Hlutverk Hæstaréttar verður því í framtíðinni að vera fordæmisgefandi dómstóll.

Á árinu 2016 var Þorgeir Örlygsson kjörinn forseti Hæstaréttar til fimm ára frá 1. janúar 2017 og Helgi I. Jónsson varaforseti. Þar sem Helgi lét af störfum 30. apríl 2020 var Benedikt Bogason kjörinn varaforseti Hæstaréttar frá 27. maí 2020 til 31. desember 2021. Þorgeir lét af störfum 31. ágúst 2020 og var Benedikt Bogason kjörinn forseti Hæstaréttar frá 1. september 2020 til 31. desember 2021 og Ingveldur Einarsdóttir varaforseti sama tímabil.

Beiðnir um áfrýjunar- og kæruleyfi

Á árinu 2020 bárust 139 beiðnir um kærú- eða áfrýjunarleyfi og skiptast beiðnirnar þannig eftir því hvort beiðið var um áfrýjunarleyfi vegna einkamáls eða sakamáls eða kæruleyfi. Til samanburðar eru tölur frá árinu 2019. Hér til hliðar er yfirlit yfir afgreiðslur á beiðnum um áfrýjunar- og kæruleyfi.

Kæruleyfi – afgreiddar beiðnir

Á árinu 2020 voru 152 beiðnir um áfrýjunar- og kæruleyfi til meðferðar. Af þeim voru 129 afgreiddar á árinu og 23 voru óafgreiddar um áramót. Af þeim voru 33 samþykktar eða 21,7%.

Ný mál

Hér til hliðar er yfirlit yfir fjölda skráðra mála á árinu 2020. Málunum er skipt upp í áfrýjuð einkamál, áfrýjuð sakamál, kærð einkamál og kærð sakamál. Til samanburðar eru tölur frá árinu 2019.

Hér að framan kemur fram að 7 beiðnir um áfrýjun sakamáls hafi verið samþykktar, en hér segir að 8 sakamál hafi verið skráð. Eitt málanna er mál þar sem beiðni um endurupptöku hefur verið samþykkt af endurupptökunefnd.

Dómar á árinu

Á árinu 2020 voru kveðnir upp 38 dómar. Um síðustu áramót voru 20 mál frá fyrri árum óafgreidd. Dómum er skipt upp eftir því hvort um er að ræða áfrýjuð einkamál, áfrýjuð sakamál, kærð einkamál eða kærð sakamál.

Innkomin mál	2019	2020
Einkamál áfrýjuð	36	23
Einkamál kærð	16	10
Sakamál áfrýjuð	3	8
Sakamál kærð	3	0
Samtals	58	41

Beiðnir um áfrýjunarleyfi eða kæruleyfi	2019	2020
Einkamál áfrýjunarleyfi	99	85
Sakamál áfrýjunarleyfi	34	27
Kæruleyfi	29	27
Samtals	162	139

Áfrýjunarleyfi einkamál - afgreiddar beiðnir	2019	2020
Samþykkt	36	23
Hafnað	59	57
Fellt niður	0	0
Óafgreitt í árslok	8	13
Samtals fjöldi beiðna	95	93

Áfrýjunarleyfi sakamál - afgreiddar beiðnir	2019	2020
Samþykkt	1	7
Hafnað	32	18
Fellt niður	0	0
Óafgreitt í árslok	1	3
Samtals fjöldi beiðna	33	28

Kæruleyfi - afgreiddar beiðnir	2019	2020
Samþykkt	4	3
Hafnað	25	21
Fellt niður	0	0
Óafgreitt í árslok	4	7
Samtals fjöldi beiðna	29	31

Fjöldi dóma	2019	2020
Einkamál áfrýjuð	27	27
Einkamál kærð	18	7
Sakamál áfrýjuð	2	4
Sakamál kærð	3	0
Samtals	50	38



Landsréttur

Landsréttur tók til starfa 1. janúar 2018 við gildistöku laga um dómstóla nr. 50/2016. Árið 2020 er þriðja starfsár réttarins.

Skipaðir dómarmenn við Landsrétt eru 15. Tveir dómarmenn létu af embætti á árinu og var einn nýr skipaður til starfa við réttinn. Þrjú dómarmenn skipa dóm í hverju máli en þó er unnt í undantekningartilvikum að skipa dóminn fimm dómurum. Sú heimild var ekki nýtt á árinu 2020.


Löglærðir aðstoðarmenn dómara eru átta og aðrir starfsmenn, að skrifstofustjóra meðtöldum, eru átta. Forseti Landsréttar er Hervör Þorvaldsdóttir og varaforseti er Davíð Þór Björgvinsson. Skrifstofustjóri Landsréttar er Björn L. Bergsson.

Fjöldi mála

Landsrétti bárust á árinu 754 mál. Af þeim voru 228 áfrýjuð einkamál og 80 áfrýjuð sakamál. Kærð einkamál voru 219 og kærð sakamál 227.

Á árinu 2020 leiddi Landsréttur til lykta 771 mál, þar af lauk 699 málum með dómi eða úrskurði en 72 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 424 málum, breytt að einhverju leyti í 84 málum og breytt verulega eða snúið við í 123 málum.

Þróun fjölda mála árið 2020



Þróun fjölda mála	2019	2020
Einkamál áfrýjað	288	228
Einkamál kært	199	219
Sakamál áfrýjað	146	80
Sakamál kært	256	227
Samtals	889	754


Áfrýjuð mál

Landsréttur leiddi til lykta 314 áfrýjuð mál á árinu 2020, 199 einkamál og 115 sakamál, þar af voru kveðnir upp dómur eða úrskurðir í 267 málum en 47 mál voru felld niður.

Á árinu kvað Landsréttur upp dóma eða úrskurði í 166 einkamálum en 33 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 81 máli, breytt að einhverju leyti í 24 málum, breytt verulega eða snúið við í 42 málum en 19 mál voru ómerkt eða vísað frá dómi.

Landsréttur kvað upp dóma eða úrskurði í 101 áfrýjuðu sakamáli en 14 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 36 málum, breytt að einhverju leyti í 33 málum, breytt verulega eða snúið við í 27 málum en 5 mál voru ómerkt eða vísað frá dómi.

Áfrýjuð mál árið 2020



Áfrýjuð mál	Einkamál	Sakamál
Staðfest	81	36
Breytt að einhverju leyti	24	33
Breytt verulega eða snúið við	42	27
Ómerking eða frávísun	19	5
Niðurfelld mál	33	14
Samtals áfrýjuð mál	199	115

Kærð mál

Landsréttur afgreiddi 457 kærð mál á árinu 2020, 219 einkamál og 238 sakamál, þar af voru kveðnir upp úrskurðir í 425 málum en 25 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest eða breytt að einhverju leyti í 334 málum en var breytt verulega eða snúið við í 54 málum.

Málum er unnt að skjóta til Landsréttar með áfrýjun eða kæru. Málsmeðferð í áfrýjuðum málum er munnleg þar sem við aðalmeðferð mála er unnt að leiða aðila og vitni til skýrslugjafar.


Einkamál sem hægt er að skjóta til Landsréttar með kæru eru annars vegar ágreiningur sem lýtur að réttarfarsatriðum og hins vegar mál sem löggjafinn hefur metið svo að þyrftu skjótrar úrlausnar við.

Dæmi um fyrrnefnda flokkinn eru álitamál um hæfi dómara, dómkvaðningu matsmanna, fresti og frávísun máls frá dómi vegna réttarfarsággalla.

Til síðari flokksins teljast meðal annars mál varðandi aðfarargerðir, svo sem ágreiningur um nauðungarsölu, fjárnám og gjaldþrotaskipti, en einnig mál er lúta að persónulegum málefnum einstaklinga, svo sem nauðungarvistanir á sjúkrahúsi vegna veikinda og vistun barna utan heimilis vegna félagslegra aðstæðna.


Mál þessi eru oftast skriflega flutt fyrir Landsrétti. Kærð sakamál eru einnig oftast flutt skriflega fyrir Landsrétti.

Kærð mál árið 2020



Kærð mál	Einkamál	Sakamál
Staðfest	137	170
Breytt að einhverju leyti	10	17
Breytt verulega eða snúið við	31	23
Ómerking eða frávísun	24	20
Niðurfelld mál	17	8
Samtals kærð mál	219	238

Óafgreidd mál í ársbyrjun



Óafgreidd mál í ársbyrjun	2019	2020
Óafgreidd mál	283	375



Héraðsdómur
Vestfjarða

Héraðsdómur
Norðurlands
eystra

Héraðsdómur
Norðurlands
vestra

Héraðsdómur
Austurlands

Héraðsdómur
Vesturlands

Héraðsdómur
Reykjavíkur

Héraðsdómur
Suðurlands

Héraðsdómur
Reykjaness

Héraðsdómstólarnir

Dómarar í héraði eru 42, starfandi við átta héraðsdómstóla. Um skiptingu þeirra milli héraðsdómstólanna vísast til kafla hér að framan um mannauð dómstólanna.


Þegar þróunfjölda dómsmála og meðferð þeirra hjá héraðsdómstólunum er til skoðunar er fyrst og fremst horft til munnlega fluttra einkamála og sakamála enda vega þau þyngst hjá héraðsdómstólunum. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir hafði Covid-19 áhrif á fjölda afgreiddra mála hjá dómstólunum og verður að skoða lengingu málsmeðferðartíma í því ljósi.

Fjöldi mála


Alls bárust 14.653 mál til héraðsdómstólanna árið 2020 samanborið við 15.360 árið 2019. Það er nálægt meðaltali mála síðustu fimm árin á undan.

Alls bárust Héraðsdómi Reykjavíkur 8549 mál árið 2020 og Héraðsdómi Reykjaness bárust 3500 mál.

Heildarfjöldi dómsmála hjá héraðsdómstólunum 2011–2020



Fjöldi munnlega fluttra einkamála, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími frá þingfestingardegi 2011–2020




Einkamál

Einkamál eru annars vegar munnlega flutt og hins vegar skriflega flutt. Þegar einkamáli er stefnt fyrir héraðsdómstól og tekið til varnar er því úthlutað dómara til meðferðar. Ef ekki takast sættir eða mál er fellt niður af öðrum ástæðum fer það til munnlegs málflyttings fyrir dómstólum. Ef ekki er tekið til varnar í einkamáli lýkur því með áritun eða útvistardómi og telst því skriflega flutt.


Alls komu 845 einkamál til munnlegs málflyttings á árinu 2020 en 770 einkamálum var lokið. Óafgreidd einkamál í árslok voru 748. Málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var að meðaltali 371 dagar á árinu 2020 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 356 dagar á árinu 2019.

Munnlega fluttum einkamálum hefur þannig farið fækkandi milli ára. Munnlega flutt einkamál voru 845 á árinu 2020 samanborið við 860 árið 2019.

Skriflega flutt einkamál 2011–2020



Innkomin ákærumál, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími 2011–2020




Ákærumál

Alls komu 1972 ákærumál til meðferðar héraðsdómstólanna árið 2020, þar af var 1752 málum lokið og 722 ólokið um áramót. Málsmeðferðartími ákærumála var að meðaltali 112 dagar á árinu 2020 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 105 dagar á árinu 2019.


Gjaldprot

Árið 2020 bárust héraðsdómstólunum 1699 gjaldprotaskiptabeiðnir samanborið við 2320 árið 2019 og hefur þannig verið veruleg fækkun á gjaldprotaskiptabeiðnum. Uppkveðnir gjaldprotáurskurðir einstaklinga voru 222 árið 2020 en 246 árið 2019. Uppkveðnir gjaldprotáurskurðir lögaðila voru 780 árið 2020 en 807 árið 2019.


Fjöldi gjaldprotaskiptabeiðna sem bárust héraðsdómstólunum 2011–2020



Fjöldi uppkveðinna gjaldprotaskiptáúrskurða hjá héraðsdómstólunum eftir lögaðilum og einstaklingum 2011–2020




Fjöldi gjaldþrotáúrskurða einstaklinga 2011–2020



Rannsóknarúrskurðir 2011–2020

■ Aðrir rannsóknarúrskurðir ■ Þar af gæsluvarðhald ■ Þar af húsleit



Rannsóknarúrskurðir

Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun fjölda uppkveðinna rannsóknarúrskurða hjá héraðsdómstólunum á tímabilinu 2011–2020. Rannsóknarúrskurðir eru af ýmsu tagi, t.d. úrskurðir um húsleit eða gæsluvarðhald. Þessar tvær tegundir rannsóknarúrskurða eru tiltekna sérstaklega í töflunni.

Árið 2020 voru kveðnir upp samtals 1509 rannsóknarúrskurðir hjá héraðsdómstólunum. Þar af voru 167 húsleitarráskurðir og 400 gæsluvarðhaldsráskurðir og af þeim voru 177 úrskurðir um framlengingu gæsluvarðhalds.

Dómstólasýslan

Suðurlandsbraut 14
108 Reykjavík
Sími 432-5010
domstolasyslan@domstolasyslan.is
Framkvæmdastjóri: Ólöf Finnsdóttir

Hæstiréttur Íslands

Dómhúsinu við Arnarhól
101 Reykjavík
Sími 510-3030
haestirettur@haestirettur.is
Forseti Hæstaréttar: Benedikt Bogason

Landsréttur

Vesturvör 2
200 Kópavogi
Sími 432-5300
landsrettur@landsrettur.is
Forseti Landsréttar: Hervör Þorvaldsdóttir

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómhúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík
Sími 432-5200
heradsdomur.reykjavikur@domstolar.is
Dómstjóri: Símon Sigvaldason

Héraðsdómur Vesturlands

Bjarnarbraut 8
310 Borgarnesi
Sími 432-5030
heradsdomur.vesturlands@domstolar.is
Dómstjóri: Ásgeir Magnússon

Héraðsdómur Vestfjarða

Hafnarstræti 9
400 Ísafirði
Sími 432-5040
heradsdomur.vestfjarda@domstolar.is
Dómstjóri: Bergþóra Ingólfssdóttir

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Skagfirðingabraut 21
550 Sauðárkróki
Sími 455-6444
heradsdomur.nordurlands.vestra@domstolar.is
Dómstjóri: Halldór Halldórsson

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Hafnarstræti 107
600 Akureyri
Sími 432-5060
heradsdomur.nordurlands.eystra@domstolar.is
Dómstjóri: Halldór Björnsson

Héraðsdómur Austurlands

Lyngáasi 15
700 Egilsstöðum
Sími 432-5070
heradsdomur.austurlands@domstolar.is
Dómstjóri: Ólafur Ólafsson

Héraðsdómur Suðurlands

Austurvegi 4
800 Selfossi
Sími 432-5080
heradsdomur.sudurlands@domstolar.is
Dómstjóri: Hjörtur O. Aðalsteinsson

Héraðsdómur Reykjaness

Fjarðargötu 9
220 Hafnarfirði
Sími 432-5100
heradsdomur.reykjaness@domstolar.is
Dómstjóri: Kristinn Halldórsson



DÓMSTÓLASÝSLAN